

Mánudaginn 23. marz 1964.

Nr. 22/1964. **Áki Jakobsson** (Magnús Thorlacius hrl.)
 gegn
Gunnari Ásgeirssyni (sjálfur).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson
 og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason
 og Theodór B. Líndal.

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1964. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og stefnda dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti.

Stefndi hefur sótt dómþing, en eigi haft uppi neinar kröfur né borið fram andmæli gegn lögmati fjárnámsgerðarinnar.

Með því að engir gallar eru á hinni áfrýjuðu dómsathöfn, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu hennar til greina. Stefndi hafði áfrýjað fjárnámsgerðinni af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera hina áfrýjuðu dómsathöfn undir Hæstarétt. Ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað, sem eftir atvikum málsins þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð staðfestist.

Stefndi, Gunnar Ásgeirsson, greiði áfrýjanda, Áka Jakobssyni, kr. 2000.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 6. og 8. nóvember 1963.

Ár 1963, miðvikudaginn 6. nóvember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur á Skólavörðustíg 12 og haldinn þar af Þorsteini Thorarensen borgarfógeta með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Málið A-1298/1963: Áki Jakobsson gegn Gunnari Ásgeirssyni. Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm Hæstaréttar nr. 169/1962.

Nr. 1. Fylgir með í eftirriti. Nr. 2. Fylgir með í frumriti.

Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður mætir fyrir gerðarbeiðanda vegna Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns og krefst fjárnáms fyrir kr. 1200.00 auk kostnaðar við fjárnám og uppboð.

Gunnar Ásgeirsson er mættur. Hann kveðst ekki borga skuldina.

Gerðarþoli bendir á til fjárnáms 1) silkiborðapartí, nánast að verðmæti kr. 10.000.00, 2) pennapartí, ca. kr. 8000.00, og 3) beltapartí, ca. kr. 8000.00.

Mættu eru sammála um, að virðing fari fram á munum þessum, og lofar gerðarþoli að færa munina hingað á skrifstofuna á morgun, en máli þessu er að öðru leyti frestað þar til föstudaginn n.k., kl. 3.30 e. h.

Málinu frestað.

Ár 1963, föstudaginn 8. nóvember, var fógetaréttur Reykjavíkur setur á Skólavörðustíg 12 og haldinn þar af Þorsteini Thorarensen borgarfógeta með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-1298/1963: Áki Jakobsson gegn Gunnari Ásgeirssyni.

Málið var síðast fyrir rétti 6. þ. m.

Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður mætir fyrir gerðarbeiðanda, en gerðarþoli mætir sjálfur. Hann hefur meðferðis til ábendingar til fjárnáms 480 stk. penna, og var vörupartí þetta metið á kr. 2.500.00.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í vörupartíi þessu, og verður það í vörzlum fógeta til mánudags n.k.

Málinu lokið.